




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MÚMÍNÁLFARÍ SONGVAFERÐ

6. MAÍ 2017



TÓNLEIKAR Í ELDBORG 6. MAÍ 2017 KL. 14:00 OG 16:00

Erkki Lasonpalo *hljómsveitarstjóri*
Egill Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir *einsöngvarar*
Stúlnakór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir *kórstjóri*

Hannele Huovi og Soili Perkiö *Múminálfar í söngvaferð*
Matti Kallio *útsetningar fyrir hljómsveit*
Pórarinn Eldjárn *íslensk þýðing*
Myndefni á tónleikum Sami og Riina Kaarla

© Moomin Characters™



© Moomin Characters™

Tónleikarnir eru styrktir af Finnisk-íslenska menningarsjóðnum.

MÚMÍNÁLFAR Í SÖNGVAFERÐ MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Á þessum tónleikum sláumst við í för með Múmínfjölskyldunni um Múmíndal. Í söngvaferðinni eru kyrjaðir nýir söngvar sem ekki hafa heyrst á Íslandi áður. Leiðsögu-mennirnir í ferðalaginu eru Egill og Hansa.

Múmínpabbi röltir niður á sjávarbamb og finnur góss sem hann dregur heim. Múmín-mamma hefur týnt töskunni sinni en í henni eru hlutir sem mann gæti allt í einu bráðvantað eins og gaddavír. Í frumskóginum hittum við Silkiapann og Múmínpabbi byggir bryggju fyrir skip fjölskyldunnar, Sjávarbandið. Síðan fer hann á sjó og hífir upp segl. Snabbi sem er hræddur við nýja hluti syngur í sig kjark en Mía sem er með snúð í hárinu og er alltaf snúðug segir bara nei þegar aðrir segja já. Söngva-ferðinni um Múmíndal lýkur um vornótt þegar fyrsti gaukurinn sest á bláa Múmínhúsið og galar dálítið hásum rómi, enda er þetta mjög snemma vors.

Tove Jansson (1914–2001) öðlaðist heimfrægð fyrir Múmínálfana. Hún skrifaði og mynd-skreytti Múmínsögunar bæði fyrir börn og fullorðna. Sögurnar eru margslungnar á heimspekilegum nótum þar sem tilfinningar og andstæður eins og hræðsla og öryggi, hið þekkta og óþekkt, ógnandi víðerni og hlýjan heima eru alltaf til staðar. Fjölbreytileiki og umburðarlyndi eru eins og rauður þráður í verkum hennar og standa dyrnar þeim alltaf opnar sem eru að leita að skjóli eða leiðarljósi í lífinu.

Það var Filharmóníusveitin í Helsinki sem frumflutti Múmínálfa í söngvaferð vorið 2015 á 70 ára afmæli þessara ástsælu álfa.



LITLI TÓNSPROTINN 2017/18

SPENNANDI ÆVINTÝRADAGSKRÁ FRAMUNDAN

LAU 30. SEPT » 14:00. ASTRID LINDGREN-TÓNLEIKAR

Flutt verður úrval tónlistar úr leikritum og kvikmyndum sem byggjast á ævintýrum Astridar Lindgren svo sem Línu langsockk, Emil í Kattholti og Bróður mínum Ljónshjarta. Leikararnir Sigurður Þór og Þórunn Arna bregða sér í hlutverk sögupersóna og ásamt hljómsveitinni og Kór Kársnesskóla.

LAU 16. DES » 14:00. JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Hér hljóma sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og gripandi hljómsveitartónlist. Ungir ballettdansarar dansa þætti úr Hnotubrjótnum. Stúlknakór Reykjavíkur, Margrét Eir og Kolbrún Völkudóttir ásamt táknmálakór færa hlustendum jólalögin í sannköllum hátíðarbúningi.

LAU 10. FEB » 14:00. ÆVINTÝRATÓNLEIKAR ÆVARIS

Ævar vísindamaður og Sinfóníuhljómsveitin fara um víðan völl með forvitnina að vopni og kynna fyrir hlustendum ævintýrlega tónlist, m.a. úr Harry Potter, Sjøræningjum Karíbahafsins, Hringadróttinssögu og Draugabönum.

LAU 12. MAÍ » 14:00. DREKINN INNRA MEÐ MÉR

Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekinn býr innra með stúlkunni, kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún getur brugðist við þeim. Í þessu nýja íslenska verki er hljómsveitin í hlutverki drekans en Halldóra Geirharðsdóttir fer með hlutverk stúlkunnar.



Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



MINNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg